

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
Bjarni Kristjánsson, formaður

30.8.2013
20.60 – 66/2003 20

Efni: Athugasemdir við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012–2024, dagsett 3.6.2013.

Nú er í kynningu tillaga að nýju Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 í samræmi við ákvæði 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landsnet hefur áður gert alvarlegar athugasemdir við skipulagstillöguna meðan á kynningu hennar stóð skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Ekki verður séð að gerðar hafi verið breytingar á skipulagstillögunni með tilliti til þeirra og eru þær því ítrekaðar hér með.

Haustið 2011 var kynnt tillaga að nýju svæðisskipulagi Eyjafjarðar, dagsett 12. september 2011. Þar var stefnumörkun um flutningsleiðir raforku á skipulagssvæðinu, þar sem gert var ráð fyrir Blöndulínu 3. Landsnet gerði minniháttar athugasemdir við greinargerðina og var ekki vitað annað en að sú rökstudda stefnumörkun sem þar var kynnt væri ákveðin. Í þeirri tillögu sem nú er kynnt, og dagsett er 3 júní 2013, hafa orðið verulegar breytingar á stefnumörkuninni án samráðs við Landsnet og án rökstuðnings í greinargerð eða umhverfisskýrslu svæðisskipulagstillögunnar. Í kafla 3.4.4 um flutningsleiðir raforku segir:

- Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.
- Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærrí spennu). Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærrí spennu skulu skilgreindar í svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulaginu. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Núverandi flutningslínur raforku eru sýndar á mynd 3.4.

Landsnet mótmælir því að á þessu stigi séu ekki forsendur fyrir því að taka ákvörðun um legu flutningslína raforku. Eins og skipulagsyfirlögdum á svæðinu má vera kunnugt hefur verið unnið að útfærslu á flutningskerfinu í fjölmörg ár. Í árslok 2007 hóf Landsnet markvisst að undirbúa styrkingu meginflutningskerfisins á svæðinu. Styrkingunni var m.a. ætlað að anna orkuþörf síðari áfanga aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri, en hún var þá á döfínni. Um leið yrði styrkingin liður í endurnýjun orkuflutningskerfisins á Norðurlandi, sem komið er að þölmörkum. Ný lína, meðfram byggðalínu, var inni á eldra svæðisskipulagi Eyjafjarðar, sem hlaut staðfestingu árið 2002 og hefur línán því verið á lögformlegu skipulagi í 11 ár. Á samráðsfundi með fulltrúum Hörgárbyggðar, 18. desember 2007, kom fram að hafin



væri vinna við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins, og hefði hin nýja lína verið tekin inn í drög að aðalskipulaginu. Eftir samráð aðila var legu línunnar breytt lítillga, og lauk skipulagsferlinu með staðfestingu aðalskipulagsins 2. febrúar 2009. Síðar á því ári kom fram ósk frá landeigendum um að línan yrði færð lítið eitt ofar í Kræklingahlíð. Var ákveðið að taka þá færslu inn sem skipulagsbreytingu, sem var svo staðfest 15. júní 2011. Innan Akureyrar var lega línunnar á aðalskipulagi staðfest 9. maí 2012.

Þar sem línan var komin inn á skipulag, og sá fyrir endann á skipulagsferli í aðliggjandi sveitarfélögum, var hafist handa við mat á umhverfisáhrifum og verkhönnun Blöndulínu 3, með fullri vitund sveitarstjórna Hörgársveitar og Akureyrar, og annarra hagsmunaaðila. Því ferli er nú lokið.

Í umfjöllun svæðisskipulags um flutningsleiðir raforku er einungis getið um þær línur sem byggðar hafa verið. Slík framsetning endurspeglar ekki rétta stöðu skipulagsmála og er ekki í samræmi við skipulagslög. Í 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga, sem fjallar um skipulagsskyldu, segir: „Gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er rétthærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétthærra en deiliskipulag. [...]“ Við gerð svæðisskipulags sem tekur flutningskerfi raforku til umfjöllunar er því nauðsynlegt og lögum samkvæmt að gera grein fyrir þeim flutningsleiðum raforku sem hafa verið staðfestar í aðalskipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga. Það á við um Blöndulínu 3 í Hörgársveit og á Akureyri (er einnig á skipulagi í aðliggjandi sveitarfélagi, Akrahreppi). Slíkur grundvöllur fyrir ákvörðun um flutningskerfið á ekki við um línuna frá Akureyri áleiðis að Hólasandi, þar sem unnið er að útfærslu tillagna og línuleiðir en ekki enn sem komið er inni á skipulagsáætlunum Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar. Hins vegar er línan á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og á nýju aðalskipulagi Skútustaðahrepps, sem auglýst var í október 2012. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess hvað Akureyri varðar að Landsnet lagði árið 2009 fram tillögur að línuleið, sem samþykkt var í umhverfisnefnd Akureyrar í janúar 2010 og í febrúar sama ár samþykkti skipulagsnefnd Akureyrar að láta vinna skipulagsbreytingu sem gerði ráð fyrir svonefndri Súlumýrarleið. Sú tillaga stendur í sjálfu sér enn og fyrir liggur að sá hluti hennar, sem er í landi Akureyrbæjar, ógnar að mati flugmálayfirvalda ekki öryggi Akureyrarflugvallar.

Meginflutningskerfi raforku er eitt af mikilvægustu grunnkerfum landsins og jafnframt ein af megin forsendum atvinnulífs og byggðar í landinu og það á einnig við um Eyjafjörð og nágrenni. Ráðist var í undirbúning Blöndulínu 3 ekki síst vegna áforma sem verið hafa uppi um að renna nýjum stoðum undir atvinnulíf á Eyjafjarðarsvæðinu. Þörfin fyrir slíkt er viðurkennd í svæðisskipulaginu, sbr. framangreinda tilvitnun í texta svæðisskipulagstillögunnar. En þarna verður ekki bæði sleppt og haldið.

Eitt af markmiðum skipulagslaga er að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi. Landsnet hefur lagt í mikinn og kostnaðarsaman undirbúning framkvæmda í trausti þess að gildandi skipulagsákvæðanir væru virtar. Á grundvelli þessa hefur ennfremur verið farið í frekari hönnun og undirbúning viðkomandi framkvæmdar, með enn frekari tilkostnaði og skuldbindingum. Verði svæðisskipulagstillagan samþykkt óbreytt eru áform Landsnets um styrkingu flutningskerfisins á svæðinu í uppnámi.

Framkvæmdum við Byggðalínuna lauk fyrir um 30 árum og hefur flutningur um hana aukist jafnt og þétt síðan auk þess sem stórar virkjanir hafa verið tengdar. Nú er svo



komið að Byggðalínan er fulllestuð og getur einungis tekið við lítilsháttar aukningu á næstu árum. Þá hafa verið viðvarandi vandamál á línunni vegna spennusveiflna frá virkjunum á svæðinu auk þess sem orkutöp í línunni hafa aukist verulega. Til að ráða bót á þessu og mæta aukinni þörf á orkuflutningi áformar Landsnet að koma upp 220 kV flutningskerfi á svæðinu. Svo öflugt kerfi er nauðsynlegt til að styrkja tengingar virkjana og eyða spennusveiflum, draga úr orkutapi og auka flutningsgetuna. Landsnet áformaði að fyrsta framkvæmdin í þessari uppbyggingu yrði Blöndulína 3 og hefur sú lína verið á framkvæmdaáætlun fyrirtækisins undanfarin ár. Ekki hefur orðið úr framkvæmdunum m.a. vegna deilna um jarðstrengi. Það mál er nú í umfjöllun hjá stjórnvöldum m.a. vegna þess gríðarlega viðbótarkostnaðar, sem jarðstrengslagnir á þessu spennustigi hefðu í för með sér. Hröð rafvæðing fiskimjölsverksmiðja ásamt aukningu í almennti raforkunotkun hefur aukið mjög flutningsþörf svæðisins og er nú svo komið að viðvarandi skerðingar hafa verið í vetur vegna takmarkana í flutningskerfinu. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að aflþynnuverksmiðjan á Akureyri starfar ekki á fullum afköstum. Staðan er orðin mjög alvarleg og ljóst að flutningskerfið á svæðinu uppfyllir ekki kröfur nútímasamfélags. Ef allt gengur að óskum má reikna með því að ástandið á svæðinu skáni í fyrsta lagi árið 2016 en möguleg aukning raforkuþarfar atvinnulífs á svæðinu verði fyrst möguleg 2018. Þessar tímasetningar miðast við það að sveitarfélögin gangi frá skipulagsmálunum gagnvart flutningskerfinu á næstu mánuðum.

Landsnet hefur fært fram rök fyrir legu flutningskerfisins um Hörgársveit og Akureyri, m.a. í skipulagsferli sveitarfélaganna og mati á umhverfisáhrifum, enda var stefna svæðisskipulagsins í samræmi við þau rök árið 2011. Hins vegar er engan rökstuðning að finna fyrir breytttri afstöðu í tillögu að svæðisskipulagi Eyjafjarðar, sem er óásættanlegt í svo mikilvægu máli fyrir almenning og atvinnulíf við Eyjafjörð og á Norðurlandi.

Eftir að hafa farið yfir tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 leggur Landsnet fram eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

1. Landsnet mótmælir því harðlega að Blöndulína 3 verði tekinn út af skipulagi og fer fram á að henni verði haldið inni á svæðisskipulagi eins og var í eldri skipulagstillögu frá 12. september 2011. Vísað er til þess að hún er nú þegar skilgreind á aðalskipulagi Hörgársveitar og Akureyrar sem staðfest var af umhverfisráðherra, auk þess sem fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum línunnar. Það er því ósamræmi við skipulagslög að leggja fram stefnumótun um flutningskerfi raforku sem er í ósamræmi við önnur skipulagsstig, sbr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
2. Varðandi nýja línu til austurs frá Akureyri að Hólasandi, er eðlilegt að þess sé getið í svæðisskipulagi að stefnt sé að slíkri tengingu, enda er hún á aðalskipulagi í aðliggjandi sveitarfélagi, Þingeyjarsveit. En þar sem áhættumati vegna Akureyrarflugvallar er ekki endanlega lokið, liggur ekki fyrir endanleg útfærsla á þverun Eyjafjarðar. Vonast er til að áhættumatinu ljúki innan nokkurra vikna.
3. Landsnet vekur athygli á ósamræmi þeirrar framsetningar, sem fram kemur í svæðisskipulaginu fyrir þróun byggðar og atvinnulífs á Norðurlandi, m.t.t. raforkunotkunar. Leið að ofangreindu markmiði er að tilgreina þær línur sem þegar eru á aðalskipulagi, sbr. tl. 1 hér að ofan og að geta þess að stefnt sé að tengingu frá Akureyri að Hólasandi, til samræmis við stefnu aðliggjandi



sveitarfélags. Með því að geta ekki um ofangreinda þætti í svæðisskipulagi er tafið enn frekari fyrir nauðsynlegum úrbótum á flutningskerfinu og þar með því að hægt sé að verða við óskum um aukna raforkunotkun á svæðinu, þar sem núverandi flutningskerfi er komið að þolmörkum. Svigrúm til aukningar í dag er einungis lítilsháttar auk þess sem stöðugleiki raforkukerfisins er óásættanlegur fyrir flesta atvinnustarfsemi.

4. Til þess að Landsnet geti uppfyllt skyldur sínar skv. raforkulögum og uppfyllt þau markmið, sem sett eru fram í svæðisskipulagi Eyjafjarðar varðandi orkuflutning og afhendingaröryggi raforku á svæðinu, þá er mikilvægt að Landsnet og sveitarfélögin vinni skilvirkt að skipulagsmálum og undirbúningi, sem eru forsendur framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets.